

4. fundur fræðslu- og æskulýðsnefndar vegna Flúðaskóla árið 2010, haldinn 6. júlí kl. 11.00, í Flúðaskóla 1. fundur kjörtímabilsins.

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson, Gunnar Jóhannesson, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir aðstoðarskólastjóri, Ingibjörg Baldursdóttir fulltrúi kennara, Ingvar Hjálmarsson og Lára Bergljót Jónsdóttir, Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Axel Árnason Njarðvík, fulltrúi úr skólaráði, boðaði forföll.

Dagskrá

1. Trúnaðarmál.
2. Kynning á störfum og hlutverki fræðslunefndar.
3. Ákvörðun fundartíma fræðslunefndar.
4. Önnur mál.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Trúnaðarmál.

Trúnaðarmál tekið fyrir og fært í trúnaðarbók.

2. Kynning á störfum og hlutverki fræðslunefndar.

Farið var yfir lista þar sem tilgreind eru m.a. helstu lög og reglugerðir er varða störf Fræðslunefndar, til kynningar fyrir fulltrúa nefndarinnar. Samþykkt að hefja vinnu við að uppfæra gildandi erindisbréf fyrir fræðslunefnd. Fundarmenn undirrituðu trúnaðaryfirlýsingu er varðar setu í fræðslunefnd.

3. Ákvörðun fundartíma fræðslunefndar.

Rætt um fyrirkomulag funda m.a. varðandi æskulýðsmál þar sem þau tilheyra nú fræðslunefnd. Samþykkt að fundartími fræðslunefndar verði að jafnaði í síðustu viku mánaðar og þá á miðvikudögum, kl. 14.00.

4. Önnur mál.

Engin önnur mál voru tekin fyrir á fundinum.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 11.50.